

2. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein 3. mgr. sem orðist svo:

15.3 Vanda skal frágang við borholustæði og fódra borholur starfsleyfissskyldra vatnsveitna tryggilega til þess að hindra að yfirborðsvatn mengi vatnsbólið.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengun-arvarnir og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 5. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu
2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnu-skyni samkvæmt lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 2. desember 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elmar Hallgríms.